

# Ársáætlun Umhverfisstofnunar

UMHVERFIS
STOFNUN

UMHVERFIS STOFNUN

Eftirfarandi er ársáætlun Umhverfisstofnunar fyrir árið 2018.
Í henni er að finna yfirlit yfir verkefni sem samþykkt hefur verið að vinna árinu í samræmi við stefnu stofnunarinnar og stjórnvalda.

# Þetta er Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun hefur hag komandi kynslóða og náttúrunnar að leiðarljósi í allri stefnumótun og störfum stofnunarinnar. Á árinu 2018 eru mikilvægi loftslagsmála og hnattrænun hlýnun í hópi helstu áskorana, sem og náttúruvernd og verkefni á sviði úrgangs. Þá er ógetið fjölmargra annarra brýnna úrlausnarefna og málaflokka sem starfsfólk Umhverfisstofnunar sinnir.

Gildi Umhverfisstofnunar eru framsýni, samstarf og árangur. Við erum leiðandi afl í umhverfismálum og náttúruvernd í samfélaginu og fylgjumst grannt með þróun mála. Við nýtum styrkleika hvers annars til að leita bestu lausna og leitum í ríkum mæli samstarfs við almenning og  hagsmunaaðila þar sem gagnsæi er lykilatriði. Við setjum okkur markmið, mælum árangur og miðlum niðurstöðum. Með framsýni og samstarfi náum við árangri fyrir komandi kynslóðir og náttúruna.

Starfsemi Umhverfisstofnunar er út um allt land víða. Auk höfuðstöðvanna í Reykjavík rekum við níu starfstöðvar hringinn í kringum landið. Þær eru á Snæfellsnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Hellu, í Haukadal og í Vestmannaeyjum. Hjá Umhverfisstofnun eru störf án staðsetningar því ekki draumsýn heldur veruleiki, enda starfar hjá stofnuninni metnaðarfullt fólk með þekkingu og reynslu sem ber hagsmuni umhverfisins fyrir brjósti. Ársáætlun ársins 2018 markast af þessari stöðu stofnunarinnar og veitir yfirsýn yfir hag íbúa hvar á landi sem er. Þá er alþjóðasamstarf veigamikill hluti af störfum okkar.

Ein af forsendum þess að ná árangri byggir á hópvinnu, sem er ríkjandi vinnufyrirkomulag í starfi Umhverfisstofnunar. 12 fagteymi eru meginstoðirnar í faglegu starfi. Fyrir hverju teymi fer teymisstjóri sem hefur yfirsýn yfir verkefni teymismeðlima og framvindu þeirra. Teymisstjóri forgangsraðar verkefnum og dreifir álagi eftir bestu getu. Fyrirkomulagið eykur skilvirkni og sýna kannanir innanhúss að starfsfólki finnst gott að vinna í teymi og leggur sig fram við að veita mikilvæga þjónustu með því  að bera hag komandi kynslóða og náttúru fyrir brjósti í allri hugsun og störfum.

# Þetta eru gildi Umhverfisstofnunar

## Framsýni

Við erum leiðandi afl í samfélaginu og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála.

## Samstarf

Við nýtum styrkleika hvers annars og leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila

## Árangur

Við setjum okkur markmið, mælum árangur og miðlum niðurstöðum

Með framsýni og samstarfi náum við árangri fyrir komandi kynslóðir og náttúruna.



# Þetta eru markmið Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur sett sér markmið og stefnu fyrir árin 2018 til 2022. Ársáætlun er gerð  til að tryggja að við séum sífellt að vinna að þeim markmiðum sem að er stefnt. Verkefni ársins 2018 eru því birt undir viðeignadi markmiðum.  Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til að ná góðum árangri. Áhersluverkefni eru þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt. Við forgangsröðun verkefni er litið til úttekta á gæðakerfi, úttektun innlendra sem erlendra aðila auk annarra nauðsynlegra og áríðandi verkefna sem eiga að tryggja að með framsýni og samstarfi náum við árangri fyrir komandi kynslóðir og náttúruna. Jafnfram eru sett fram yfirlit yfir helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar, áætlaðan fjölda þeirra og málshraða ef við á.



## 1. Loftslagsmál og bætt loftgæði

1.1. Tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengileg almenningi.
1.2. Tryggja að losunarbókhald standist evrópskar og alþjóðlegar kröfur.
1.3. Styrkur loftmengunarefna sé undir tilskildum mörkum.
1.4. Tryggja að aðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir uppfylli kröfur.
1.5. Vinna við stefnu og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 1.1 | Setja upp AirViro | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Losunarbókhald - GHL - verkferill um eftirfylgni niðurstaðna úr úttektum | Loftmengunarteymi |
| 1.4 | Greining vegna fjórða viðskiptatímabils ETS - Iðnaður. | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Innleiðing þaktilskipunar (NEC Directive 2016/2284/EU) | Loftmengunarteymi |
| 1.4 | Greining vegna fjórða viðskiptatímabils ETS - Flug | Loftmengunarteymi |
| 1.4 | Greining á endurskoðun skráningarkerfisreglugerðarinnar | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Tryggja að skýrsla Íslands um losun gróðurhúsalofttegunda sé í samræmi við nýtt regluverk | Loftmengunarteymi |
| 1.1 | Ársskýrsla um loftgæði á Íslandi árið 2016 | Loftmengunarteymi |
| 43132 | Innleiðing COPERT losunarmódels fyrir vegasamgöngur | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Kortlagning á notkun og losun frá F-gösum á Íslandi | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Samanburður á metinni og mældri losun frá urðunarstöðum | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Samanburður á mældum gildum vegna eiginleika olíu (brennslugildi og kolefnisinnihald) í losunarbókhaldi. | Loftmengunarteymi |
| 1.1 | Tengja loftgæðamælistöðvar on-line inn á AirViro | Loftmengunarteymi |
| 1.2. | Byggja upp gagnagrunn loftmengunarefna inn í AirViro | Loftmengunarteymi |
| 1.1 | Dreifilíkan loftmengunarefna | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Leiðbeiningar um verklag við loftgæðamælinga fyrir rekstraraðila mælistöðva | Loftmengunarteymi |
| 1.2 | Uppsetning á gagna- og vinnslugátt vegna losunarbókhalds með gróðurhúsalofttegundir | Loftmengunarteymi |
| 1.3. | Viðbragðsáætlun loftgæða vegna náttúruhamfara (eldgosa og jökulhlaupa) | Loftmengunarteymi |
| 1.3. | Gerð sameiginlegs verkferils fyrir aðgerðir Umhverfisstofnunar, sóttvarnalæknis og heilbrigðisnefnda á tímum eldgosa á Íslandi | Loftmengunarteymi |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hraði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði | 9 | 9 | 10 | 10 | 11 | 11 | 11 | 60 |
| Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði | 2 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 0 | - |
| Yfirferð vöktunaráætlanna vegna staðbundina starfsstöðva í iðnaði | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | - |
| Breytingar á vöktunaráætlun vegna staðbundina starfstöðva í iðnaði | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | - |
| Yfirferð á skýrslu um úrbætur | - | 3 | - | 4 | - | 6 | 4 | - |
| Úthlutun úr sjóði nýrra þátttakenda | - | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | - |
| Gerð áætlunar á losun vegna staðbundinnar starfsemi hafi losunarskýrsla ekki borist | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs | 2 | 2 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | - |
| Yfirferð vöktunaráætlana vegna flugs | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | - |
| Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs | 8 | 6 | 4 | 5 | 5 | 6 | 4 | - |
| Yfirferð á skýrslu um úrbætur | - | - | - | - | - | 2 | 2 | - |
| Samþykkt á breytingu á vöktunaráætlun vegna flugs | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda | 13 | 11 | 10 | 10 | 10 | 9 | 9 | - |
| Stofnun reikninga í skráningarkerfi | 2 | 2 | 1 | 3 | 2 | 4 | 1 | 60 |
| Gerð áætlunar á losun flugrekanda hafi losunarskýrsla ekki borist | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Yfirferð skýrslan frá starfstöðvum sem ekki falla undir viðskiptakerfi ESB | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Gagnkvæm viðurkenning faggildingar | - | - | - | - | - | - | - | - |
| CORSIA: Yfirferð vöktunaráætlana vegna flugs - ATH ósamþykkt verkefni | - | - | - | - | - | - | 5 | - |

## 2. Verndun náttúru

2.1. Fjölgun/stækkun friðlýstra svæða í samræmi við náttúruminjaskrá
2.2. Gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði
2.3. Viðhald á verndargildi náttúruverndarsvæða með daglegri umsjón og stýringu.
2.4. Viðhald á verndargildi náttúruverndarsvæða með innviðauppbyggingu og stýringu.
2.5. Takmarka tjón af völdum framandi ágengra tegunda og erfðabreyttra lífvera

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 2.3 | Ástandsmat á ferðamannasvæðum-innleiðing og endurskoðun. | Náttúrusvæðateymi |
| 2.3 | Talning gesta á friðlýstum svæðum | Náttúrusvæðateymi |
| 2.4 | Græn helgi | Náttúrusvæðateymi |
| 2.4 | Afmörkun sjálfboðaliðastarfa | Náttúrusvæðateymi |
| 2.5 | Kortlagning og uppræting framandi ágengra plöntutegunda (utan lúpínu) innan friðlýstra svæða. | Náttúrusvæðateymi |
| 2.4 | Handbók um framkvæmdir á friðlýstum svæðum á vegum stofnunar | Náttúrusvæðateymi |
| 2.2. | Mótað verklag fyrir söfnun á upplýsingum um framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunum | Friðlýsingarteymi |
| 2.1. | Kynning á efni náttúruminjaskrár í samræmi við lög | Friðlýsingarteymi |
| 2.3. | Samantekt á lögum og reglugerðum sem styðja við vernd svæða | Friðlýsingarteymi |
| 2.5 | Rýni á forsendum og fyrirkomulagi refaveiða | Veiði- og verndarteymi |
| 2.4 | Verkferill um áskorun skv. 87. gr. nvl. | Umsagna- og leyfisteymi |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hradi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Friðlýsingar | 2 | 0 | 4 | 1 | 3 | 2 | 5 | |
| Ársfundur náttúruverndarnefnda | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | |
| Skýrsla um friðlýsingar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | |
| Verndar- og stjórnunaráætlanir | 7 | 5 | 10 | 3 | 11 | 6 | 8 | |
| Landvarðanámskeið (hvert námskeið 110 klst.) | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | |
| Fjöldi sjálfboðaliðavikna | 400 | 406 | 400 | 351 | 360 | 365,4 | 240 | |
| Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega | 20 | | 25 | 20 | 25 | | 25 | |
| Ástandsskýrsla friðlýstra svæða | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | |
| Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum | | 10 | 9 | 6 | 7 | 5 | 6 | |
| Útgefnir bæklingar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 2 | |
| Fjöldi landvörsluvikna | 149 | 228 | 206 | 256,5 | 362 | 581 | 255 | |
| Ástandsskýrsla - rauði listinn | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | |
| Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum | 36 | 38 | 45 | 48 | 45 | 48 | 50 | |
| Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum | 60 | 61 | 70 | 68 | 70 | 38 | 40 | |
| Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa) | 70 | 51 | 60 | 47 | 60 | | | 60 |
| Tímabundin lokun svæða | | | | | 5 | 0 | 5 | |
| Leyfi til utanvegaaksturs | | | | | 10 | 6 | 10 | |
| Takmörkun eða lokun svæða í óbyggðum | | | | | 5 | 0 | 5 | |
| Ákvörðun um ólögmætar hindranir | | | | | 5 | 0 | 5 | |
| Samþykki vegaskrár | | | | | 10 | 0 | 0 | |
| Umsagnir vegna framkvæmda sem hafa áhrif á friðlýst svæði | | | | | 10 | 3 | 10 | |
| Áskorun um að láta af athöfnum eða athafnaleysi | | | | | 5 | 1 | 5 | |

## 3. Verndun vatns, hafs og stranda

3.1. Allt vatn á Íslandi uppfylli kröfur um gæði.

3.2. Almenningur og hagsmunaaðilar séu upplýstir um stöðu vatnamála.

3.3. Fráveitur standist kröfur laga og reglugerða.

3.4. Viðbúnaður við bráðamengun verði í samræmi við áhættumat.

3.5. Gott ástand hafs og stranda m.t.t mengunar.

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 3.2 | Skilgreining á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.4 | Tilmæli um siglingar skemmtiferðaskipa við friðlýst svæði/verndarsvæði. | Náttúrusvæðateymi |
| 3.4 | Greining á Bunker samningi | Haf- og vatnsteymi |
| 3.4 | Samantekt á vitneskju um örplast í hafi. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.5 | Árleg skrifborðsæfing vegna bráðamengunar. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.5 | Áætlun um uppbyggingu mengunarvarnarbúnaðar hafna | Haf- og vatnsteymi |
| | Endurskoðun og uppfærsla á OSPAR vöktun. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.1 | Skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði endurskoðuð. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.1 | Endurskoðun álagsgreiningar. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.1 | Tímasett áætlun um takmörkun við banni á forgangsefnum og þungmálmum. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.2 | Opna vefsjá fyrir stjórn vatnamála | Haf- og vatnsteymi |
| 3.2 | Undirbúningur og þarfagreining vegna skilagáttar. | Haf- og vatnsteymi |
| 3.4 | Áætlun um framkvæmd MOSPA æfingar árið 2020 | Haf- og vatnsteymi |
| 3.5 | Yfirlit yfir samþykki Umhverfisstofnunar fyrir sæstrengjum og neðansjávarleiðslum | Haf- og vatnsteymi |
| 3.5 | Verkferill vegna brota á lögum og reglum er varða varp í hafið | Haf- og vatnsteymi |
| 3.3 | Eyðublað fyrir umsókn um samþykki UST fyrir lagningu neðansjávarlagna og sæstrengja | Haf- og vatnsteymi |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hradi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leyfi fyrir varpi í hafið | 5 | 14 | 8 | 8 | 9 | 4 | 9 | 60 |
| Samþykki fyrir lagningu sæstrengja | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | - |
| Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs | 10 | 0 | 48 | 20 | 20 | 11 | 23 | - |
| Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | - |
| Eftirlit með móttöku úrgangs í höfnum | | 19 | 12 | 12 | 18 | 16 | 18 | |
| Eftirlit með olíugeymum á hafnarsvæðum | | | | | | | 0 | |
| Notkun mengunarvarnarbúnaðar | | | | | | | | |

## 4. Verndun heilnæms umhverfis

4.1. Skýrar kröfur um umhverfisstjórnun fyrirtækja og heimildir til losunar.
4.2. Áhættumiðað eftirlit með atvinnustarfsemi og markviss eftirfylgni.
4.3. Aukin samræming eftirlits innan sem utan stofnunar
4.4. Örugg og ábyrg notkun efnavara.
4.5. Lágmarka notkun hættulegra efna.

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 4.1. | Kynning a innleiðingu IED tilskipunar ESB um losun frá iðnaði | Umsagna- og leyfisteymi |
| 4.2 | Gerð áhættumats fyrir alla eftirlitsflokka | Eftirlitsteymi |
| 4.2 | Útfærsla vinnuskjals v. eftirfylgni. | Eftirlitsteymi |
| 4.2 | Samræming á gagnaskilum starfsleyfishafa | Eftirlitsteymi |
| 4.3 | Skilagátt fyrir starfsleyfishafa í mengandi starfsemi | Eftirlitsteymi |
| 4.5 | Losun gróðurhúsalofttegunda á orkueiningu eldsneytis | Efnateymi |
| 4.4 | REACH kynningarátak | Efnateymi |
| 4.2 | Samræmd stefna eftirlitsaðila um eftirlit | Eftirlitsteymi |
| 4.4 | Markaðseftirlit með merkingum á skoteldum | Efnateymi |
| 4.4 | Endurskoðun á almenningsfræðslu um efni | Efnateymi |
| 4.4 | Spurningar og svör um efnamál | Efnateymi |
| 4.5 | Markaðseftirlit með sæfivörum með áherslu á flokkun og merkingu | Efnateymi |
| 4.4 | Eftirlit með sölu á plöntuverndarvörum og nagdýraeitri í atvinnuskyni | Efnateymi |
| 4.4 | Kynningarátak um sæfivörur | Efnateymi |
| 4.4 | Þarfagreining vegna markaðsleyfa varnarefna | Efnateymi |
| 4.1. | Kröfur um innra stjórnkerfi fyrirtækja | Eftirlitsteymi |
| 4.4 | Öryggiskröfur vegna upplýsingakerfa Efnastofnunar Evrópu | Efnateymi |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hradi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Notendaleyfi | 42 | 62 | 55 | 60 | 25 | 30 | 25 | 20 |
| Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru | 3 | 0 | 2 | 0 | 0 | 1 | 5 | 120 |
| Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi fyrir sæfivöru | 3 | 1 | 3 | 2 | 5 | 6 | 6 | 90 |
| Fjöldi eftirlitsverkefna | | | | 10 | 13 | 10 | 18 | |
| Markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru | | | | | | | | |
| Afgreiðslu umsóknar um rýmkun leyfa vegna minniháttar notkunar á plöntuverndarvöru | | | | | | | | |
| Útgáfa leyfis fyri hliðstæðum viðskiptum með plöntuverndarvörur | | | | | | | | |
| Veiting undanþágu til að leysa bráðan vanda í tengslum við plöntuvernd | | | | | | | | |
| Veiting undanþágu frá markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru,<br>þar sem nota á vöruna í rannsóknar eða þróunarvinnu | | | | | | | | |
| Breyting á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru | | | | | | | | |
| Breyting á gagnkvæmri viðurkenningu á markaðsleyfi | | | | | | | | |
| Breyting á tímabundinni skráningu fyri plöntuverndarvörur | | | | | | | | |
| Útgáfa leyfisnúmera vegna tollaafgreiðslu | | | | 185 | | | | 90 |
| Tillögur að reglugerðum | 15 | 31 | 20 | 17 | 15 | | 17 | - |
| Greiningar á EES - gerðum | 120 | 72 | 90 | 115 | 100 | | | - |
| Mengunarvarnareftirlit | 108 | 95 | 90 | 90 | 85 | 83 | 83 | 45 |
| Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnaeftirlits | 30 | 34 | 25 | 8 | 20 | - | 25 | - |
| Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp | 15 | 9 | 12 | 7 | 10 | | 10 | - |
| Umsagnir vegna stjórnsýslukæra | 2 | 6 | 5 | 11 | 10 | 7 | 10 | 14 |
| Mat á umhverfisáhrifum | 50 | 39 | 30 | 52 | 50 | 45 | 50 | 15-21 |
| Umsagnir um skipulagsáætlanir | 215 | 235 | 224 | 199 | 200 | 215 | 220 | 120 |
| Starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur- útgefin | 12 | 22 | 29 | 9 | 38 | 7 | 35 | 180 |
| Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum | 20 | 15 | 15 | 22 | 15 | 10 | 15 | 14 |
| Leyfisveitingar vegna rannsóknarleyfa á friðlýstum svæðum | | 9 | 12 | 25 | 20 | 15 | 15 | |
| Breytingar á starfsleyfum fyrir mengandi atvinnurekstur | | | | | | 1 | 5 | |
| Umhverfisábyrgð | | | | | | 2 | 2 | |

## 5. Sjálfbær nýting auðlinda

5.1. Draga úr myndun úrgangs.
5.2. Efla hringrásarhagkerfið
5.3. Upplýsingagjöf til að bæta auðlindanýtingu.
5.4. Veiðistofnar í jafnvægi.
5.5. Upplýstir og öruggir veiðimenn.

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 5.2 | Flutningur úrgangs - gagnabanki fyrir flutningsgögn | Neytendateymi |
| 5.2 | Stefna um meðhöndlun úrgangs | Neytendateymi |
| 5.5 | Áætlun um vefkennslu fyrir veiðinámskeið | Veiði- og verndarteymi |
| 5.4 | Stjórnunaráætlun fyrir hreindýrastofnin | Veiði- og verndarteymi |
| 5.5 | Rafræn gagnvirk veiðidagbók/veiðapp | Veiði- og verndarteymi |
| 5.4 | Stefnumótun í veiðistjórnun - | Veiði- og verndarteymi |
| 5.1. | Fræðslufundur um úrgangsstjórnun | Neytendateymi |
| 5.4 | Uppflettigrunnur fyrir lögreglu um virk veiðikort | Veiði- og verndarteymi |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hradi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eftirlit með erfðabreyttum lífverum | 8 | 9 | 8 | 7 | 7 | 8 | 8 | 45 |
| Leyfi til urðunar á sóttmenguðum dýraúrgangi | 16 | 13 | 14 | 2 | 5 | 6 | 6 | 3 |
| Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa | 25 | 17 | 17 | 16 | 18 | 18 | 19 | 30 |
| Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera | | 5 | 4 | 3 | 2 | | | 90 |
| Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda) | 24(650) | 24(570) | 24(600) | 22(631) | 24(600) | 17(544) | 24(600) | - |
| Fjöldi veiðinámskeiða (fjöldi þátttakenda) | 24(650) | 24(524) | 24(600) | 16(514) | 24(570) | 15(462) | 24(570) | - |
| Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | | - |
| Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs | 0,92 | 0,91 | 0,92 | 0,84 | 0,92 | 0,9 | 0,92 | - |
| Móttaka og skráning á veiðiskýrslna | 12000 | 11887 | 12000 | 10737 | 12000 | 11615 | 12000 | - |
| Umsóknir um hreindýraveiðileyfi | 4000 | 3673 | 4000 | 3209 | 4000 | 3301 | 4000 | - |
| Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum | 5 | 1 | 100 | 99 | 7 | 2 | 5 | 40 |
| Útgefin veiðikort | 12000 | 11523 | 12000 | 10600 | 1200 | 10851 | 12000 | 3 |
| Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði | 1412 | 1348 | 1300 | 1237 | 1315 | 1312 | 1450 | 5 - 7 |
| Leyfi til myndatöku við hreiður fugla | 20 | 14 | 20 | 8 | 15 | 8 | 10 | 15 |
| Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga | 20 | 12 | 20 | 29 | 40 | 53 | 40 | - |
| CITES leyfisveitingar | 30 | 13 | 20 | 19 | 20 | 34 | 50 | 15 |
| Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum | 2 | 1 | 2 | 0 | 2 | | 2 | 14 |
| Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum | 3 | 5 | 2 | 2 | 2 | 0 | | - |
| Leyfi til innflutnings á framandi lífverum | | | | | | 5 | 4 | |
| Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn | 32 | 16 | 30 | 5 | 15 | 0 | 3 | |

## 6. Grænt og framsýnt samfélag

6.1. Efla grænan lífsstíl hjá almenningi
6.2. Efla grænan rekstur fyrirtækja og stofnana.
6.3. Fjölga umhverfismerktum vörum og þjónustu á markaði.
6.4. Virk upplýsingagjöf um hollustuhætti
6.5. Lágmarka hávaðamengun.

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 6.3 | Skilgreina hvernig Svanurinn nálgast neytendur | Neytendateymi |
| 6.2 | Móta tillögu að fjölga ríkisstofnunum í Grænum skrefum | Neytendateymi |
| 6.2 | Kynning á húsa- og endurbyggingaviðmiðum Svansins | Neytendateymi |
| 6.5 | Eftirfylgni með skýrslum um hljóðvist í leikskólum | Neytendateymi |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hradi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grænt bókhald frá atvinnurekstri | 50 | 50 | 50 | 52 | 52 | 52 | 58 | - |
| Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi | 8 | 5 | 8 | 0 | 5 | 14 | 14 | |
| Umsóknir um Svansleyfi | 5 | 1 | 3 | 8 | 5 | 7 | 7 | - |
| Yfirferð ársskýrslna leyfishafa Svansins | 6 | 6 | 19 | 19 | 25 | 24 | 25 | - |
| Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins | 6 | 6 | 3 | 7 | 11 | 17 | 10 | - |
| Viðbótareftirlitsferðir Svansins | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | |
| Útgefin Svansleyfi | 3 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 5 | - |
| Endurvottun Svansleyfi | 19 | 19 | 8 | 8 | 7 | 1 | 6 | |

**7. MARKVISS UPPLÝSINGAGJÖF**

7.1. Miðlun tímanlegra og skiljanlegra upplýsinga
7.2. Rafræn þjónusta.
7.3. Skilvirk og örugg meðferð gagna.
7.4. Byggja upp öfluga þekkingu innan stofnunarinnar
7.5. Samstarf við hagaðila.

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 7.1 | SMS-Skilaboð ef mengun fer yfir heilsuverndarmörk | Gagnateymi |
| 7.2 | Áætlun um útfösun kerfa í FileMaker | Gagnateymi |
| 7.2 | Vegvísir og notendaþjónusta (wiki) | Gagnateymi |
| 7.3 | Fræðsla til starfsmanna um örugga meðferð, skipulag og vinnslu gagna í Gopro. | Gagnateymi |
| 7.3 | Gagnateymi að skoða öll gagnamál hjá UST - stefnumótun. | Gagnateymi |
| 7.3 | Kynningar á lausnum er varðar bæði móttöku og vinnslu gagna. | Gagnateymi |
| 7.3 | Bætt vinnsla við útsendingu fjöldabréf úr GoPro (t.d. áform um áminningu GB - PRTR og magn úrgangs). | Gagnateymi |
| 7.4 | Efla þekkingu starfsmanna á kerfum og tölvum. | Gagnateymi |
| 7.1 | Auglýsing á vefsíðu um umsóknir um starfsleyfi | Umsagna- og leyfisteymi |
| 7.2 | Bæta eyðublað í rafrænni gátt varðandi starfsleyfisumsóknir | Umsagna- og leyfisteymi |
| 7.5 | Leiðbeiningar fyrir gerð glærukynningar og geymslu þeirra | Gagnateymi |
| 7.2 | Áætlun um uppfærslu í GoPro Foris | Gagnateymi |
| 7.3 | Öryggisúttekt gagnagáttar | Gagnateymi |
| 7.2 | Greina efni á heimasíðu Umhverfisstofnunar | Upplýsingateymi |
| 7.2 | Enska valið efni á heimasíðu Umhverfisstofnunar | Upplýsingateymi |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hradi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Útgáfa ársskýrslu | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | |
| Útgáfuáætlun | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | |
| Útgáfa umhverfisskýrslu | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | |
| Útgáfa ársáætlunar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | |
| Fjöldi frétta á heimasíðu | | | | | | 96 | | |
| FJöldi frétt á facebook | | | | | | 206 | | |
| Fjöldi rafrænna leiðbeininga/bæklinga | | | | | | 5 | | |
| Fjöldi prentaðra bæklinga | | | | | | | | |
| FJöldi boosta á facebook | | | | | | 78 | | |
| Fjöldi afgreiddra tölvupósta á ust@ust.is | | | | | | | 4000 | |
| Fjöldi mála stofnuð í GoPro | | | | | | | 3000 | |
| Fjöldi afgreiðslna á gagnabeiðnum | | | | | | | 60 | |
| Fjöldi mála færð yfir í skilalausn | | | | | | | 2000 | |
| Fjöldi uppsettra tölva | | | | | | | 24 | |
| Fjöldi afgreiddra tölvuþjónustumála (BUST og álíka) | | | | | | | 500 | |
| Mánaðarleg tölfræði fyrir símkerfi | | | | | | | 12 | |

**8. FYRIRMYNDARSTOFNUN**

## 8.1. Öflugur stuðningur við kjarnastarfsemi
## 8.2. Skilvirkir og markvissir verkferlar
## 8.3. Eftirsóknarverður vinnustaður
## 8.4. Leiðandi í grænum rekstri
## 8.5. Ábyrgur rekstur

| Undir-markmið | Lýsing verkefnis | Teymi |
|---|---|---|
| 8.1 | Upplýsingaskjár í móttöku - hvað er á dagskrá (What's on - allar starfsstöðvar) | Skrifstofa forstjóra |
| 8.1 | Könnun sviðs þjónustu (endurskoðaður spurningalisti) | Rekstrarteymi |
| 8.3 | Virðing og framkoma-námskeið. | Skrifstofa forstjóra |
| 8.4 | 1. Fjölnota pokar aðgengilegir starfsmönnum. | Neytendateymi |
| 8.4 | Námskeið í flokkun úrgangs | |
| 8.5 | Viðbragð gegn kulnun og álagseinkennum í starfi | Skrifstofa forstjóra |
| 8.4 | Gera úttekt á notkun á rafmagnsbíls á S-24 | Rekstrarteymi |
| 8.4 | Kanna möguleika á útsendingu pappírslausra reikninga. | Rekstrarteymi |
| 8.1 | Rafrænt utanumhald á búnaði landvarða | Rekstrarteymi |
| 8.3 | Að lifa af breytingar á S-24 | Skrifstofa forstjóra |
| 8.5 | Mat á sviksemisáhættu | Skrifstofa forstjóra |
| 8.3 | Förgun gamalla bókhaldsgagna | Rekstrarteymi |
| 8.2 | Afgreiða innri úttektir fyrri ára. | Skrifstofa forstjóra |
| 8.1 | Mannauðskerfi Orra - flutningur á gögnum | Skrifstofa forstjóra |
| 8.2 | Jafnlaunavottun - fyrri hluti | Skrifstofa forstjóra |
| 8.3 | Ráðningarkerfi Orra | Skrifstofa forstjóra |
| 8.2. | Breytingar á persónuverndarlöggjöf - áhrif á Umhverfisstofnun | Gagnateymi |
| 8.5 | Heildarendurskoðun gjaldskrár | Skrifstofa forstjóra |

| Lýsing afgreiðsluverkefnis | Áætlun 2015 | Raun 2015 | Áætlun 2016 | Raun 2016 | Áætlun 2017 | Raun 2017 | Áætlun 2018 | Máls-hradi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi afgreiddra reikninga | | | | 2165 | | 2134 | 2000 | |
| Fjöldi TBR reikninga v mengunarv.eftirlits | | | | 90 | | 142 | 95 | |
| Fjöldi útgefina reikninga í AR | | | | 964 | | 840 | 900 | |
| Samráðsfundir við helstu hagaðila UST | 53 | 44 | 53 | 56 | 50 | | 50 | |
| Samgöngusamningar | 40 | 45 | 50 | 56 | 50 | 54 | 50 | |
| Fjöldi afgreidddra reikninga v innkaupakort | | | | 1030 | | 1184 | 1000 | |
| Fjöldi pantaðra ferða utanlands | | | | 120 | | | 150 | |
| Fjöldi pantaðra ferða innlands | | | | 223 | | | 230 | |
| Skráning nýrra verknúmera | | | | 417 | 600 | 593 | 600 | |
| Afgreiðsla/móttaka landverðabúnaðar | | | | 47 | | | 70 | |
| Tímabundnir ráðningarsamningar | | | | 73 | 65 | 91 | 65 | |
| Ótímabundnir ráðningarsamningar (fastráðningar) | | | | 7 | 7 | 12 | 8 | |
| Auglýst störf (fyrir utan landvarðarstörf) | | | | 9 | 7 | 12 | 9 | |
| Starfsmannafundir | | | 7 | 7 | 7 | 8 | 8 | |
| Innanhússfræðsla (fjöldi viðburða) | | | 19 | 18 | 13 | 14 | 14 | |
| Starfslok (stöðufundur, samkomulag um aðg. að gögnum, uppgjör, viðtal) | | | 5 | 5 | 5 | 4 | 6 | |

# Áætlaður rekstur árið 2018

## Árið 2018 er áætlað að heildargjöld Umhverfisstofnunar nemi 2.118,5 m.kr., heildartekjur 452,3 m.kr. og höfuðstóll í árslok 238,6 m.kr.

### Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða árið 2018

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður árlega taxta fyrir laun minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða þeim fyrir veiðarnar. Sveitarfélögin senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar, ásamt reikningum sem stofnunin endurgreiðir þeim í samræmi við taxta ráðherra. Samningar um greiðslur fyrir refaveiðar eru gerðir fyrirfram. Áætlað er að endurgreiðslur vegna refaveiða nemi 29 m.kr. árið 2018 og vegna minkaveiða 21 m.kr.

### Áætlaðar framkvæmdir árið 2018

Framkvæmdir á friðlýstum svæðum eru annars vegar fjármagnaðar með fjárveitingum á fjárlögum  og hins vegar með styrkjum, einkum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Áætlað er að framkvæmda fyrir 390,3 m.kr. á friðlýstum svæðum árið 2018 og að styrkir nemi 211,9 m.kr. Áformað er að umfangsmestu framkvæmdirnar verði við Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi (170 m.kr.), Dynjanda (91,4 m.kr.) og Geysi (96 m.kr.).




**ÁÆTLUÐ REKSTRARGJÖLD ÁRIÐ 2018**

Áætluð rekstrargjöld Umhverfisstofnunar árið 2018 (1.678 m.kr.) eftir teymum stofnunarinnar.




**ÁÆTLAÐAR REKSTRARTEKJUR ÁRIÐ 2018**

Skipting helstu tekjustofna Umhverfisstofnunar árið 2018 en rekstrartekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 240,4 m.kr.

